

Stigagjöf hunda

Stigahæstu hundar hverrar tegundar fyrir sig og stigahæsti hundur deildar, eru fundnir með því að leggja saman þau stig sem hundurinn fær eftir hverja sýningu. Allar sýningar á vegum HRFÍ og á vegum Fjár- og hjarðhundadeildar telja til stiga. Í hverri tegund er heiðraður stigahæsti hundur, öldngur og ungliði.

Fyrir utan sýningarárangur eru vinnuhundar heiðraðir fyrir árangur sinn á vinnuprófum.

Sýningar:

Stigahæstu hundar tegundar:

Eftirfarandi árangur veitir stig:

Meistararaefni – 1 stig

Rakkar og tíkur í sætum 1-4 í bestu rakki/besta tík fá stig eftir því hversu margir eru skráðir í þá tegund hverju sinni, að undanskildum hvolpum.

Fjöldi hunda í tegund:	BOB	BOS	BR/BT -2	BR/BT -3	BR/BT -4
1 - 5	6	4	3	2	1
6 - 10	8	6	5	4	3
11 - 20	10	8	7	6	5
21 - 40	12	10	9	8	7
41 +	14	12	11	10	9

Stig fyrir sæti í tegundahóp á sýningum HRFÍ/úrslitum á sérsýningum deildarinnar:

1. sæti – 20
2. sæti – 15
3. sæti – 10
4. sæti – 5

Stig fyrir sæti í úrslitum BIS á sýningum HRFÍ

1. sæti – 20
2. sæti – 15
3. sæti – 10
4. sæti – 5

Stigahæsti öldungur:

Besti öldungur tegundar – 5 stig

Besti öldungur af gagnstæðu kyni – 3 stig

Fyrir sæti í “Besti öldungur sýningar”:

1. sæti – 20
2. sæti – 15
3. sæti – 10
4. sæti – 5

Stigahæsti ungliði:

Besti ungliði tegundar – 5 stig

Besti ungliði af gagnstæðu kyni – 3 stig

Fyrir sæti í “Besti ungliði sýningar”:

1. sæti – 20

2. sæti – 15

3. sæti – 10

4. sæti – 5

Vinnuhundar:

Smalahundur: Sá hundur sem flest stig hlýtur á smalaprófi HRFÍ

Vinnuhundur: Stig eru fengin hjá Vinnuhundadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem vinnuhundadeild notar.

Sporahundur: Stig eru fengin hjá Vinnuhundadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem vinnuhundadeild notar.

Fimihundur: Stig ársins eru fengin frá Íþróttadeild HRFÍ, eftir þeim útreikningum sem Íþróttadeild notar.

Allur árangur, í prófum og sýningum, gildir til stiga það ár sem honum er náð.